

Katrín Axelsdóttir

# Áhrifsbreytingar í þágufalli nafnsins *Þórarinn*

## 1 Inngangur

Í greininni „*Þórarinn* í þágufalli“ (Katrín Axelsdóttir 2018) er fjallað um fjórar nýjungar sem komið hafa upp í þágufalli nafnsins *Þórarinn* við hlið hinnar hefðbundnu myndar *Þóarni*. Þetta eru myndirnar *Þórarin*, *Þórarini*, *Þórarinum* og *Þórarininum* en allar eru þær nú ýmist horfnar eða mjög sjaldgæfar. Á grundvelli ritaðra og munnlegra heimilda var reynt að grafast fyrir um aldur myndanna og útbreiðslu. Ekkert var rætt um hvernig það atvikaðist að nýjungarnar fjórar urðu til en það er meginefni þessarar greinar.<sup>1</sup>

Í öllum tilvikum er um að ræða áhrif frá öðrum orðum. Áhrifsbreytingar eru ekki einsleitur hópur og þeim er gjarna skipt í tvo meginflokka, dæmigerðar (hlutfallsbundnar) og ódæmigerðar (sporadískar). Dæmum um fyrrnefndu breytingarnar er gjarna lýst með hlutfallsjöfnum. Síðarnefndi flokkurinn er fjölskrúðugri. Hann rúm- ar ýmiss konar breytingar, sumar harla ólíkar, sem sjaldnast verður lýst með hlutfallsjöfnum. Til þessa flokks teljast t.d. þær gerðir áhrifsbreytinga sem kallaðar hafa verið blöndun og alþýðuskýring. Í sögu nafnsins *Þórarinn* hafa líklega fleiri en ein gerð verið að verki. Um hverja og eina nýjung í beygingu nafnsins verður fjallað í köflum 4–7 og jafnóðum verða ræddar þær gerðir áhrifsbreytinga sem kunna

<sup>1</sup> Ég þakka fyrrverandi og núverandi ritstjóra *Orðs og tungu*, Ara Páli Kristinssyni og Helgu Hilmisdóttur, og ritrýnum tímaritsins margar góðar athugasemdir. Þá þakka ég Aðalsteini Hákonarsyni fyrir yfirllestur og þeim Hauki Þorgeirssyni fyrir gagnlegar ábendingar.

að hafa komið við sögu. En fyrst verða tekin saman helstu atriði fyrri umfjöllunar (Katrín Axelsdóttir 2018) um aldur og útbreiðslu nýjunganna fjögurra (2. kafli) og rætt um nokkur atriði varðandi nafnið *Þórarinn* og hefðbundna beygingu þess (3. kafli).

## 2 Aldur og útbreiðsla nýjunganna

Þar sem eldri heimildir um einstök nöfn eru iðulega rýrar er erfitt að segja með nokkurri vissu hvernig útbreiðsla nýjunganna fjögurra var háttað eða hvenær þær komu upp — aldur elstu dæma segir vitaskuld ekki allt. Myndin *Þórarinn* á sér nokkuð langa sögu en elstu dæmi um hana eru frá síðari hluta 18. aldar. Aldur *Þórarini* er óljósari en dæmi er um hana í máli manns sem var fæddur 1850. Báðar þessar myndir eru sæmilega þekktar í nútímamáli en þær virðast þó miklu sjaldgæfari en hin hefðbundna mynd *Þórarinn*. Saga myndarinnar *Þórarinum* er einnig talsvert löng en elstu heimildir um hana eru frá því laust eftir 1700. Hún kemur einu sinni fyrir í rangæsku handriti Fóstbræðra sögu, skrifuðu 1705, og sex sinnum í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá upphafi 18. aldar, öll þau dæmi eru úr Eyjafjallasveit. Þetta og ýmislegt fleira bendir til Rangárvallasýslu sem kjörlendis þessarar myndar eða upphafssvæðis. Hún hefur þó þekkt á miklu fleiri svæðum, sumum mjög fjarlægum (s.s. Vestfjörðum og S-Þingeyjarsýslu). Fáir kannast við myndina *Þórarinum* núorðið. Hin áþekka mynd *Þórarininum* er yngri. Engin dæmi eru um hana fyrr en frá 20. öld og aðeins af svæðum þar sem *Þórarinum* þekktist einnig (Rangárvallasýslu og Barðastrandarsýslu). Þeir fáu sem kannast við *Þórarininum* þekkja einnig styttri myndina *Þórarinum*. Heimildir um *Þórarininum* eru mun rýrari en heimildir um aðrar þágufallsmyndir.

## 3 Um nafnið *Þórarinn* og hina hefðbundnu beygingu þess

Nafnið *Þórarinn* beygist alla jafna svo í nútímamáli: *Þórarinn*-n – *Þórarinn*-Ø – *Þórarinn*-i – *Þórarinn*-s (skil stofns og beygingarendinga eru sýnd hér, Ø táknar endingarleysi). Að forminu til er þessi beyging sú sama og tíðkaðist í fornu máli. Hér virðist því ekkert hafa breyst. En *nn* í áherslulítilli bakstöðu hefur styst og nefnifallsmyndin *Þórarinn*

og þolfallsmyndin *Þórarin* eru því eins í framburði nú. Útbreiðsla þessarar styttingar virðist hafa tekið langan tíma. Hún hófst á 14. öld en henni var enn ekki að fullu lokið um 1700 (Jón Helgason 1970:356).

Í beygingunni koma fram tveir stofnar. Í nefnifalli, þolfalli og eignarfalli er þríkvæður stofn, *Þórarin-*, en í þágufalli er stofninn tvíkvæður, *Þórarin-*. Þar gildir sú regla að síðasta sérhljóð stofnsins fellur brott á undan beygingarendingu sem er sérhljóð eða hefst á sérhljóði. Þessi regla gildir í flestum karlkynsnafnorðum sem enda í nefnifalli á *-inn*, *-ann*, *-unn*, *-ill*, *-all*, *-ull* eða stofnlægu *-ur* (*drottinn*, *aftann*, *jötunn*, *lykill*, *kaðall*, *djöfull*, *akur*) og nokkrum sem enda á *-ar* (*hamar*, *humar*). Orð sem hafa sambærilegar nefnifallsmyndir en fylgja þó ekki ofangreindu mynstri eru m.a. nafnið *Reginn* (þgf. *Regin-Ø*), *urmu*ll (þgf. *urmul-Ø*), nafnið *Auðun(n)* (þgf. *Auðuni*, en *-un* er upphaflega viðliður í þessu nafni og breytist ekki), nöfn sem enda á stofnlægu *-ur* og *-ar* (*Óssur*, þgf. *Össuri*, *Gunnar*, þgf. *Gunnari*, en *-ur* og *-ar* eru upphaflega viðliðir í þessum nöfnum og breytast ekki) og allmörg tökuorð sem eru endingarlaus í þágufalli (*kórall*, *kanill*, *pipar*, *kopar*).

Nýjungarnar fjórar, *Þórarin*, *Þórarini*, *Þórarinum* og *Þórarininum*, eiga það allar sameiginlegt að ekkert brottfall verður, allar myndirnar hafa að geyma strenginn *Þórarin*.

Sjálfsgagt er að velta því fyrir sér hvort hin forna þágufallsmynd, *Þórarini*, hafi haft einhvern „ágalla“, t.d. hvort hún hafi stungið í stúf við það sem vanalegt var í íslensku beygingakerfi. Þarna er eins og áður segir sérhljóðsbrottfall í stofni; stofninn í þágufalli er *Þórarin-* en annars staðar í beygingunni er lengri stofn, *Þórarin-*. Að hafa tvo stofna í beygingu er almennt séð flóknara en að hafa aðeins einn. Breyting sem miðar að því að fækka stofnbrigðum þarf því í sjálfu sér ekki að koma á óvart. En það er þó ekki hægt að segja að mismunandi stofnar brjóti í bága við það sem gengur og gerist í málinu sjálfu. Sérhljóðsbrottfall í áþekktum nafnorðum er regla frekar en hitt, sbr. *lykil-l* – *lykl-i*, *hamar* – *hamr-i*, *Héðin-n* – *Héðn-i*. Undantekningar eru reyndar ýmsar, t.d. í þágufalli orðanna *Reginn*, *Auðun(n)*, *urmu*ll og *kopar* sem getið var að ofan, og frávik á borð við *hamari/Hamari* og *Héðini* koma vissulega stöku sinnum fyrir í nútímamáli. En brottfallsreglan virðist þó stöðug í málinu og brottfall er ekkert sem stríðir gegn kerfinu.<sup>2</sup>

<sup>2</sup> Ekki er hlaupið að því að leggja mat á hvað er einfalt og hvað flókið í tungumálum. Atriði sem eru almennt talin flókin (s.s. sambeyging og ógagnsæi) þurfa ekki að vera það í tilteknu tungumáli; það ræðst af aðstæðum í málinu sjálfu, sbr. umræðu hjá Katrínu Axelsdóttur (2014:592–594) og rit sem þar er vísað til.

Því má samt velta fyrir sér hvort tengslin milli *Þórarin-* og *Þórarin-* hafi verið ógreinilegri en önnur áþekk tengsl, s.s. milli *lykil-* og *lykl-*, og stofninn *Þórarin-* hafi þannig átt undir högg að sækja. Á 14. öld kom fram hljóðbreyting sem fólst í því að tannhljóðinu [t] var skotið inn í klasann *rn*, í orðmyndum eins og *barn*, *smábarn*, *arni*, *Þórarni*.<sup>3</sup> Í sumum þessara orðmynda er algengt að menn fellu niður [r], *barn* er þannig iðulega borið fram [patn], einnig í samsetningum eins og *smábarn*. Þetta gerist þó ekki í öllum orðmyndum með *rn*-klasa. Það virðist t.d. miklu síður gerast í þágufallsmyndinni *arni* (og samsetningum eins og *gasarni*).<sup>4</sup> En *r*-brottfall á sér stað í máli margra þegar kemur að myndinni *Þórarni*. Í máli þeirra er því talsvert mikill hljóðfræðilegur munur á stofni þágufalls, [þou:ratn], og stofni annarra falla, [þou:rarin]. Þetta kann að hafa gert tengsl stofnanna tveggja ógagnsærri og stöðu stofnsins *Þórarin-* veikari; mönnum hefur e.t.v. þótt þágufallsmyndin sem þeir heyrðu torkennileg og fundist aðrar og nýjar leiðir eðlilegri. Hér er þó rétt að taka fram að ekkert er vitað um hvað það á sér langa sögu að fella niður *r* í myndinni *Þórarni*, sú tilhneiging gæti verið yngri en elstu dæmi um óhefðbundnar þágufallsmyndir nafnsins *Þórarinn*. Ekkert mælir samt gegn því að slíkur framburður myndarinnar *Þórarni* sé gamall; öfugi rithátturinn *Orný* fyrir *Oddný* er frá fyrri hluta 14. aldar en þessi ritháttur virðist benda til *r*-lauss framburðar *rn*-klasa (sjá t.d. Kristján Árnason 2005:354).

Enn eitt framburðarafbrigði myndarinnar *Þórarni* kann að hafa verið til. Í svokölluðum *n*-framburði, sem þekktist í nútímamáli, er hvorki innskotstannhljóðið né *r*-ið borið fram í myndum eins og *strákarnir* og *sögurnar*: [strau:kanir], [sö:γynar]. Í mállýskuransókn Björns Guðfinnssonar frá 5. áratug 20. aldar varð framburðarins helst vart suðvestanlands, á samfelldu svæði frá Rangárvallasýslu til Mýrasýslu

<sup>3</sup> Sjá t.d. Kristján Árnason (2005:355–356). Hann hallast að því að þarna hafi verið um að ræða tannhljóðsinnskot í *rn*-klasa en ekki að *rn* hafi orðið beint að [tn] sem er önnur hugsanleg skýring; *r*-hljóðið sem heyrir oft í nútímamáli í orðum með *rn*-klasa þyrfti þá skv. Kristjáni að skýra með vísan til lestrarframburðar og það þykir honum langsótt. Hér er farið að dæmi Kristjáns og talað um innskot í *rn*-klasa og að *r* geti svo verið fellt brott.

<sup>4</sup> Þetta er í samræmi við niðurstöður Önnu Helgu Hannesdóttur (1992) en hún lagði fyrir tólf þátttakendur alllangan lista orða með *rn*- og *rl*-klasa. Á listanum voru m.a. orðmyndirnar *barn*, *barnabörn* og *arninum*. Allir þátttakendurnir samþykktu *r*-lausan framburð myndanna *barn* og *barnabörn* en aðeins einn þeirra samþykkti *r*-lausan framburð myndarinnar *arninum*.

(Björn Guðfinnsson 1964:75–76).<sup>5</sup> Nefnt hefur verið að þetta kunnni að vera gömul mállýska; heimild er um framburðinn frá 18. öld, hjá manni sem fæddist í Borgarfirði en fluttist ungur í Rangárvallasýslu og skrifaði *sögunnar* í stað *sögurnar* (Jón Helgason 1970:359, Kristján Arnason 2005:409).<sup>6</sup> Í umfjöllun um *n*-framburð er aðeins talað um greinisviðskeyttar nafnorðsmyndir, þ.e. myndir með niðurlagi á borð við *-arnir*, *-irnar* og *-urnar*, þar sem *r* í beygingarendingu mætir *n*-i í viðskeyttum greini. Vera má að framburðurinn hafi einskorðast við slíkar myndir. En einnig er hugsanlegt að þetta hafi komið víðar upp, t.d. í þágufallsmyndinni *Þóararni*: [þou:ranɪ] eða [þou:ran:ɪ].<sup>7</sup> Að minnsta kosti eru hér sömu hljóðfræðilegu skilyrðin til staðar. Stofn þessara hugsanlegu framburðarmynda þágufallsmyndarinnar *Þóararni* er, rétt eins og stofninn [þou:ratn], allfrábrugðinn hinum stofni beygingarinnar, *Þóararin*-. Hér má minnast þess að nýjungin *Þóararinum* er hugsanlega upprunnin í Rangárvallasýslu. Í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1964:76) voru þeir sem höfðu *n*-framburð utan höfuðborgarinnar einkum Rangæingar. Þetta er kannski ekki tilviljun.

Tveir þeirra sem veittu upplýsingar um beygingu nafnsins *Þóararinn* í athugun Katrínar Axelsdóttur (2018) nefndu í framhjáhlaupi að sér þætti *-arni* í *Þóararni* minna óþægilega á þágufall nafnorðsins *arinn* (þeir forðast þó ekki myndina *Þóararni*). Þetta er það sem hefur verið kallað **óþægilegur samhljómur** (e. *uncomfortable homophony*, *pernicious homophony*) og stundum er vísað til þegar leitað er skýringa á málbreytingum; menn eiga þá til að sneiða hjá slíkum myndum með

<sup>5</sup> Sjá einnig Jón Helgason (1929:44) sem talar um vestanvert Suðurlandsundirlendi og á þar við sinn samtíma.

<sup>6</sup> Eldri heimildir eru um framburðinn. Jón Helgason (1929:44) og Bandle (1956:160–161) fjalla um ummerki um hann í biblíupýðingum 16. aldar. Jón telur framburðinn aldrei hafa náð mikilli útbreiðslu en Bandle telur hann hafa tíðkast víðar en á Suðurlandi.

<sup>7</sup> Í nútímamáli er ekki gerður greinarmunur á framburði *n* og *nn* í áhersluleysi. En slíkur greinarmunur var gerður í fornu máli og heimildir benda til þess að hann hafi lifað sums staðar fram um 1700 (sbr. hér að framan). Því er eðlilegt að gera hér einnig ráð fyrir myndinni [þou:ran:ɪ]. — Ritrýni finnst óeðlilegt að fjallað sé um myndir sem engar heimildir eru um; myndin \**Þóararni* hefði átt að koma fram í söfnun gagna um nafnið ef hún hefði þekkt. Því er til að svara að heimildir um einstök nöfn eru mjög brotakenndar. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, frá upphafi 18. aldar, er góð heimild um karlmannsnöfn síns tíma. Í henni (og tengdum skjölum frá sama tíma) kemur nafnið *Þóararinn* ekki fyrir nema þrettán sinnum í þágufalli (Katrín Axelsdóttir 2018:26). Hafi myndin \**Þóararni* verið til fyrr á öldum eru líkurnar á að finna hana í heimildum heldur litlar, jafnvel þótt allar hugsanlegar ritheimildir væru fínkembdar.

ýmsum hætti (sjá t.d. Campbell 2004:322–325). Vera má að einhverjir hafi forðast myndina *Þórarni* af þessum sökum.<sup>8</sup>

Nú mætti á móti segja að aðrar beygingarmyndir nafnsins, *Þórarinn*, *Þórarin* og *Þórarins*, geti einnig minnt óþægilega á *arinn*, *arin* og *arins* en ekki verði vart við neinn flóttu frá þessum myndum. Þetta þýðir samt ekki að áhrifum óþægilegs samhljóms beri endilega að hafna hvað þágufallið snertir. Í fyrsta lagi enda margar orðmyndir á *-arin(n)* (*bakarinn*, *kennarinn*) en fáar orðmyndir enda hins vegar á *-arni*; *-arni* í þágufalli nafnsins *Þórarinn* gæti því vakið önnur viðbrögð en *-arin(n)* í nefnifalli og þolfalli. Í öðru lagi getur verið að áhersla skipti máli. Almenn tilhneiging er til þess að skynja meiri áherslu í umfangsmiklum atkvæðum en umfangslitlum (sbr. t.d. Laver 1994:518). Miðatkvæðinu í þágufallsmyndinni *Þó-rar-ni* (þ.e. [rart] eða [rat]) svipar þannig meira til áhersluatkvæða en miðatkvæðinu í myndunum *Þó-ra-rin(n)* og *Þó-ra-rins*. Því eru meiri líkur á að fólk tengi *-arni* við orðmyndina *arni* en að það tengi *-arin(n)*, *-arins* við *arin(n)*, *arins*. Í þriðja lagi mætti huga að því hvernig liðir nafnsins hafa verið skynjaðir. Það er sett saman úr forliðnum *Þór-* og viðliðnum *-arinn*, *Þór-arinn*. Kannski skynjuðu menn liði nafnsins einu sinni ávallt á þennan hátt og bygging nafnsins var þá í huga manna sambærileg við t.d. *Þór-ólfur*, *Þór-björn* og *Þór-steinn*. En það er ekki víst að nafnið hafi alltaf verið túlkað með þessum hætti af öllum. Nokkur karlmannsnöfn enda á *-inn*, s.s. *Héðinn* (*Bjarnhéðinn*, *Skarphéðinn*), *Kristinn*, *Óðinn* og *Þráinn*. Ekki er venja að telja *-inn* sérstakan viðlið karlmannsnafna; *Héðinn*, *Kristinn*, *Óðinn* og *Þráinn* eru í nafnabókum talin ósamsett. Hér má líka benda á að orðhlutinn *-héðinn* í *Skarphéðinn* og *Bjarnhéðinn* er skilgreindur sem viðliður (sjá Guðrúnu Kvaran og

<sup>8</sup> Breytingar sem raktar hafa verið til óþægilegs samhljóms snúast oft um tilvik sem lúta að tvíræðni eða misskilningi; t.d. tvö orð sem féllu algerlega saman ef öðru þeirra væri ekki breytt eða það aflagt. Eitt af dæmunum sem Campbell (2004:322–323) nefnir er þegar orðin *faisan* eða *vicaire* voru tekin upp í sumum frönskum mállýskum í stað *gat* ‘hani’ (< *gal*). Við hljóðbreytingu urðu orðin fyrir ‘hani’ og ‘köttur’ (*gat*) samhljóða og talið er að menn hafi tekið upp önnur orð fyrir ‘hani’ til að forðast þennan samhljóm. En stundum er ekki um neina hættu á misskilningi að ræða. *Yggdrasil* hét verslun sem eitt sinn var rekin í Reykjavík. Heitið var iðulega *Yggdrasil* í þágufalli, ekki *Yggdrasli* eins og hefði mátt búast við. Þeir sem notuðu þágufallsmyndina *Yggdrasil* gáfu sumir þá skýringu að *Yggdrasli* minnti um of á orðið *drasl* og því tækju þeir *Yggdrasil* fram yfir. Þarna var engin tvíræðni hugsanleg, aðeins hætta á að orðmyndin minnti óþægilega á aðra. Svipað er e.t.v. að segja um nafnið *Ellisif*. Sumir bera fyrri lið þess fram eins og samnafnið *elli*, aðrir eins og gælunafnið *Ellí*. Þeir sem kjósa síðarnefnda framburðinn nefna stundum þá skýringu að þeir vilji forðast tenginguna við samnafnið *elli*.

Sigurð Jónsson frá Arnarvatni 1991:295). En þótt fræðimenn telji *-inn* ekki til viðliða á borð við *-ólfur*, *-björn* og *-steinn* er ekki þar með sagt að *-inn* hafi aldrei haft slíka stöðu í huga nokkurs manns. Vissulega hefur *-inn* enga greinanlega merkingu eins og viðliðir hafa þó gjarna (*-björn*, *-steinn*). En sumir viðliðir hafa enga greinanlega merkingu. *-ar* í nöfnum á borð við *Gunnar* og *-un(n)* í *Auðun(n)* eru viðliðir, eða voru það a.m.k. upphaflega, þetta voru samsett nöfn með forlið og viðlið. Nú hafa þessir viðliðir enga skýra merkingu. Beygingarlega hegða þessi nöfn sér þó eins og samsett nöfn. Kannski hafði *-inn* í *Héðinn*, *Kristinn* og *Þráinn* svipaða stöðu og *-ar* og *-un(n)* í huga manna, þ.e. viðliður með óræða merkingu. Þá má gera ráð fyrir því að þeir hafi verið til sem túlkuðu nafnið *Þórarinn* ekki sem *Þór-arinn* heldur sem *Þórar-inn*, rétt eins og *Héð-inn*, *Krist-inn* og *Þrá-inn*. Hafi menn túlkað *Þórarinn* sem *Þórar-inn* er hugmyndin um óþægilegan samhljóm kannski skiljanlegri. Nefnifall og þolfall hafa menn þá greint sem *Þórar-in(n)* og eignarfall sem *Þórar-ins*. En þágufallsmyndina *Þórarni* hafa menn væntanlega túlkað sem *Þór-arni*. Líkandi við samnafnið *arinn* hafa þá aðeins verið greinileg í þágufalli. Og um leið er einmitt þarna möguleiki á óþægilegum samhljómi.

*Þórarinn* var fyrir fáum árum í 78. sæti á lista algengustu karlmannsnafna (Katrín Axelsdóttir 2018:21). Áður hefur það verið enn vinsælla, samkvæmt manntalinu 1703 var það í 31. sæti (sbr. Ólaf Lárusson 1960). Búast hefði mátt við að þessi tiltölulega háa tíðni hefði haft verndandi áhrif; alþekkt er að það sem er algengt hefur alla jafna meira viðnám gagnvart áhrifsbreytingum en það sem er sjaldgæft. Það er reyndar líklegt að hin tiltölulega háa tíðni hafi hamlað breytingum. Ekki má gleyma því að hin hefðbundna mynd, *Þórarni*, hefur haldið velli og staða hennar virðist býsna sterk þrátt fyrir ný tilbrigði í þágufallinu. En þessi staða hefði kannski verið betri ef fleiri nöfn með viðliðnum *-arinn* tíðkuðust. Tvö önnur nöfn hafa þennan viðlið, *Álfarinn* og *Úlfarinn*. Þau eru varla vel þekkt og hvorugt þeirra er notað lengur.<sup>9</sup> Nafnið *Þórarinn* er því sér á báti. Staða þess er því e.t.v. önnur en nafna með nokkuð tíðum viðlið.<sup>10</sup>

<sup>9</sup> Nöfnin *Álfarinn* og *Úlfarinn* eru nefnd hjá Hermanni Pálssyni (1960:28) en ekki hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni frá Arnarvatni (1991). Samkvæmt þjóðskrá 1. janúar 2015 bar þau enginn (*Hagstofa Íslands*).

<sup>10</sup> Hér má minnst á nöfn með viðliðnum *-kell*. Í þágufalli nafna með viðliðnum *-kell* kemur stundum fyrir tilbrigðið *-katli* (við hlið *-keli*). Ekki er ólíklegt að hið eldra (og óreglulegra) tilbrigði *-katli* hafi notið stuðnings af því hve mörg nöfn með viðliðnum *-kell* eru til (s.s. *Porkell*, *Hrafnkell*, *Áskell*, *Grímkell*, *Hallkell*), en ekkert þessara nafna er í hópi 100 algengustu nafna og sum eru nú mjög sjaldgæf.

## 4 Nýjungin Þórarin

Með nýjunginni *Þórarin* í þágufalli verður beygingarmynstrið þannig að nefnifall, þolfall og þágufall hafa öll sömu myndina (enginn munur er nú á *Þórarinn* og *Þórarin* í framburði). Ýmis sterkt beygð karlmannsnöfn hafa í nútímamáli yfirleitt sömu mynd í nefnifalli, þolfalli og þágufalli.<sup>11</sup> Það á einkum við um ýmis þríkvæð nöfn, sem sýna þá að því leyti líkindi við *Þórarinn*. Þetta eru nöfn eins og *Benedikt*, *Benjamín*, *Daníel*, *Jónatan* og *Valdimar*. Þetta mynstur er því til og setja má upp hlutfallsjöfnu á borð við þessa:

- (1) nf./þf.kk.et. *Benedikt*-Ø : þgf.kk.et. *Benedikt*-Ø  
 nf./þf.kk.et. *Þórarin*-Ø : þgf.kk.et. X; X = *Þórarin*-Ø

Því miður er lítið vitað um beygingu þessara nafna fyrir á tímum og eins er oft óvíst hvenær þau bárust í málið, en flest nöfn sem hafa þetta mynstur eru tökunöfn.<sup>12</sup> Þá er líka óljóst hvenær þágufallsmyndin *Þórarin* kemur upp. Hjá Katrínu Axelsdóttur (2018:23) voru sýnd þrjú eldri dæmi um þessa nýjung, öll frá síðari hluta 18. aldar, þannig að myndin var komin upp þá. Sum þeirra tökunafna sem nefnd voru hér að framan voru örugglega komin inn í málið þá, s.s. *Benedikt* og *Daníel*. Það er hins vegar ekki víst að öll þessi nöfn hafi alltaf haft endingarlaus þágufallsmynd þótt nú sé yfirleitt svo; hjá Birni K. Þórólfssyni (2004) er dæmi um þágufallsmyndina *Daníeli* frá því snemma á 19. öld, á vefnum *Tímarit.is* má sjá nokkur dæmi um *Benedikti* frá 19. öld (en endingarlaus þágufallsmynd virðist þó algengari). Ekki er samt ólíklegt að umrætt mynstur, þ.e. sama mynd í nefnifalli, þolfalli og þágufalli, hafi tíðkast í ýmsum þríkvæðum nöfnum á þeim tíma þegar þágufallsmyndin *Þórarin* kom upp. Það á örugglega við um nafnið *Benedikt*. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (og

<sup>11</sup> Hér og víðar í greininni er rætt um nöfn sem áhrifavalda enda hafa nöfn gjarna áhrif á beygingu annarra nafna. Nýjungarnar *Elíni* og *Kristíni* (í þf. og þgf.) eru t.d. til komnar fyrir áhrif frá beygingu annarra nafna, þ.e. nafna á borð við *Ásdís* og *Sigríður*. Endingin *-s* er algengasta eignarfallsending sterkra karlkynsorða. Hún ætti því að vera stöðug í orðum sem hafa hana. Í ýmsum nöfnum hefur þó mátt sjá að *-ar* kemur upp þar sem áður var alltaf *-s* (t.d. *Ágústur*, *Haraldur*, *Þorvaldur*). Þetta þarf ekki að koma á óvart þar sem *-ar* er tíðari eignarfallsending í mengi karlmannsnafna (sbr. t.d. *Sigurðar*, *Þórðar*, *Þorvarðar*) en hún er almennt meðal sterkra karlkynsorða.

<sup>12</sup> Ný nöfn eru eðlilega sjaldgæf framan af. Þau komast því sjaldan á blað, hvað þá í öllum föllum. Í manntölum sjást vitaskuld flest eða öll nöfn en þar er eðlilega lítið um annað en nefnifallsmyndir.



tengdum skjölum) frá upphafi 18. aldar kemur nafnið *Benedikt* níu sinnum fyrir í þágufalli (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1–11, 13 1913–1943, 1990). Í öllum tilvikum er það endingarlaust.

Að hafa sömu mynd í nefnifalli, þolfalli og þágufalli er ekki bundið við þríkvæð nöfn því að stöku einkvæð og tvíkvæð nöfn virðast lengi hafa fylgt þessu mynstri, alltaf eða oftast (*Geir, Styr, Þór, Axel, Emil*) og mörg tvíkvæð nöfn fylgja því stundum (*Ellert, Albert, Gústaf*). Vera má að mynstrið hafi áður fyrir verið algengara en það er nú. Valtýr Guðmundsson (1922:52) tiltekur nokkur nöfn sem hann segir oftast vera án *-i* í þágufalli. Þar á meðal eru *Kjartan, Bergþór* og *Borgþór*, nöfn sem í nútímamáli hafa jafnan *-i* í þágufalli. En það er auðvitað ekki víst að þessi nöfn hafi verið endingarlaus á 18. öld þótt þau hafi hneigst til þess á dögum Valtýs.

*Þórarinn* er ekki eina nafnið með *-inn* sem hefur fengið ósamandregna og endingarlausu þágufallsmynd. Ýmis dæmi eru í nútímamáli um þágufallsmyndir á borð við *Héðin* og *Kristin*. Þágufallsmyndin *Kristin* hefur verið til a.m.k. frá því seint á 19. öld, sbr. dæmi sem Björn K. Þórólfsson (2004) tiltekur frá 1875: „handa Kristinn Erlendssyni“. Dæmið er allnokkru yngra en elstu dæmi um þágufallsmyndina *Þórarin* sem voru frá síðari hluta 18. aldar eins og áður segir. Hugsanlega er þágufallsmyndin *Þórarin* fyrirmyndin að myndinni *Kristin*. En þessu gæti líka verið farið á hinn veginn; e.t.v. á *Kristin* sér mun lengri sögu en ráða má af heimildum. Þá hafa *Reginn, Huginn* og *Muninn* jafnan endingarlausu mynd í þágufalli. Þessi nöfn tíðkuðust ekki sem mannanöfn fyrir en seint svo að þau eru varla fyrirmynd hér.

En hvað sem líður tengslum þágufallsmyndarinnar *Þórarin* og sam-bærilegra mynda í öðrum nöfnum með *-inn* er ljóst að í málinu hafa um aldir verið til karlmannsnöfn sem höfðu sömu mynd í nefnifalli, þolfalli og þágufalli þótt mynstrið hafi ekki verið algengt. Tíðni mynsturs þarf ekki heldur að hafa svo mikið vægi. Ef orðmynd er á einhvern hátt óheppileg, eins og *Þórarini* kann að hafa verið (sbr. 3. kafla), er það kannski aðalatriðið en ekki mynstrið sem tekið er að fylgja. Hvatinn að breytingunni felst þá með öðrum orðum í myndinni *Þórarini* en ekki í stærð eða virkni mynstursins sem arftakinn *Þórarin* tilheyrir.<sup>13</sup>

<sup>13</sup> Hér er átt við *type frequency* en það hugtak hefur stundum verið kallað **stærð mengis** á íslensku. Með þessu er vísað til fjölda þeirra orða sem fylgja tilteknu beygingarmynstri. Flokkur veikra sagna sem beygjast eins og *kalla* er t.d. stærsti flokkur íslenskra sagna. Beygingarmynstrið er virkt, nýjar sagnir í málinu falla jafnan í þennan flokk og sagnir sem tilheyra öðrum flokkum flytjast stundum yfir í hann.

## 5 Nýjungin Þórarini

Þágufallsendingin *-i* er miklu algengari meðal sterkt beygðra karlmannsnafna en endingarleysið sem rætt var í 4. kafla.<sup>14</sup> Hún er ríkjandi bæði meðal nafna sem hafa samhljóða mynd í nefnifalli og þolfalli (*Halldór, Hákon, Jón, Vigfús*) og þeirra sem hafa nefnifallsendingu (*Guðmundur, Steinn, Páll*). Þetta er endingin sem *Þórarinn* hafði upphaflega í þágufalli, *Þórarin-i*; það sem breytist með nýjunginni *Þórarini* er að stofninn er ekki samandreginn eins og áður.

Nafnið *Auðun(n)* er svolítið áþekkt *Þórarinn*; bæði enda þau á *-Vn*. Í beygingu *Auðun(n)* er þó ekki brottfall af sögulegum ástæðum; *Auðun(n)* er upphaflega samsett nafn, *-un(n)* var viðliður (en ekki afleiðsluviðskeyti eins og *-in-* í *Þórarinn*) og brottfall verður ekki í slíkum liðum. *Þórarini* kann að hafa komið upp til samræmis við *Auðuni*, en nafnið hefur frá fornu fari verið nokkuð algengt (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni 1991:121):

- (2) þf.kk.et. *Auðun-Ø* : þgf.kk.et. *Auðun-i*  
 þf.kk.et. *Þórarin-Ø* : þgf.kk.et. X; X = *Þórarin-i*

*Jóhannes* er þríkvætt nafn eins og *Þórarinn*. Það hefur þágufallsendinguna *-i* og kann líka að hafa þjónað sem fyrirmynd. En þótt það sé vissulega oft svo að lík orð taki að beygjast eins þá þýðir það ekki að líkindi séu nauðsynleg forsenda. Það má allt eins gera ráð fyrir að öll karlkyns nafnorð með sama stofn í öllum föllum og þágufallsendinguna *-i* hafi getað verið fyrirmyndir þegar myndin *Þórarini* kom upp. Þessum hópi tilheyra langflest sterkt beygð karlmannsnöfn.

Nýjungar sambærilegar *Þórarini* hafa komið upp í beygingu ýmissa annarra nafna með *-inn*. Þágufallsmyndum á borð við *Héðini* og *Kristini* bregður stundum fyrir í nútímamáli. Á vefnum *Tímarit.is* er á þriðja tug dæma í blöðum gefnum út hérlendis um myndina *Kristini*, hið elsta er frá árinu 1931. Nokkur dæmi eru um *Héðini*, *Skarphéðini* og *Þráini* en þau eru öll frá síðari hluta 20. aldar. Hið sama er að segja um eina dæmið um *Óðini*. Elstu dæmi um *Þórarini* eru frá því snemma á 20. öld (Katrín Axelsdóttir 2018:24) og þessi mynd virðist því ívið eldri. Hugsanlegt er að *Þórarini* sé eldri en hinar þágufallsmyndirnar og hafi jafnvel verið fyrirmynd þeirra. Það þyrfti ekki að koma á óvart þar sem tengsl stofnbrigða eru væntanlega ógagnsærri í nafninu

<sup>14</sup> Tölur um þetta liggja ekki fyrir en þetta er auðséð þegar nafnabókum er flett. Karlmannsnöfn án þágufallsendingar eru í miklum minnihluta.

Þórarinn en í hinum nöfnunum. En það er auðvitað tilviljun háð hvað ratar í blöð og nöfnin sem hér um ræðir eru mjög misalgeng. Það er því engan veginn víst að Þórarini sé í raun eldri en nýjungarnar í hinum nöfnunum þótt svo geti virst á grundvelli þessara heimilda.

Nokkur samnöfn enda einnig á *-inn* (*arinn, drottinn, himinn*) og meðal þeirra eru einnig dæmi um ósamandregnar þágufallsmyndir með endingunni *-i*. Elsta dæmið um þágufallsmyndina *arini* í íslenskum blöðum á *Tímarit.is* er frá 1956. Annars kemur myndin aðeins fyrir í nokkrum fasteignaauglýsingum frá síðustu árum og áratugum. Myndirnar *drottini* og *himini* eru enn fátíðari á þessum vef. Sú fyrri kemur fyrir í einni auglýsingu (sem birtist nokkrum sinnum) árið 1988 og um þá síðari eru þrjú dæmi, öll frá áttunda áratugnum. Þetta eru fá dæmi, rétt eins og í tilviki sérnafna, og hugsanlegt að hér sé um að ræða prentvillur í einhverjum tilvikum. En sé litið á ákveðnar þágufallsmyndir orðanna *arinn* og *himinn* finnast fleiri dæmi um ósamandreginn stofn; dæmi um *arininum* eru yfir hundrað (hið elsta frá 1901) og dæmi um *himininum* eru yfir tuttugu (hið elsta frá 1923). Í ljósi þessara dæma verður að teljast líklegt að greinislausar ósamandregnar þágufallsmyndir þessara tveggja orða, *arini* og *himini*, hafi verið komnar upp snemma á 20. öld.

Heimildir benda þannig ekki skýrt til þess að tímamunur hafi verið á uppkomu nýjunga í sérnöfnum (*Þórarinn, Kristinn, Héðinn*) og samnöfnum (*arinn, drottinn, himinn*). Hugsanlegt er að ósamandreginn stofn hafi komið upp á sama tíma í sérnöfnum og samnöfnum; það kæmi ekki á óvart því að sérnöfn og samnöfn beygjast oft og kannski oftast eins.<sup>15</sup> En einnig er hugsanlegt að annar hvor þessara undirflokka nafnorða hafi verið fyrri til að taka breytingum og sá hafi síðan haft áhrif á hinn. Hafi svo verið er heldur líkleggra að breytingar hafi fyrst orðið í sérnöfnum og síðar í samnöfnum.

Í rannsókn Wetås (2008) á hvarfi fallbeygingar í miðnorsku kom í ljós að breytingarinnar sá fyrr stað í sérnöfnum (einkum mannanöfnum) en samnöfnum. Hún skýrir þetta þannig að sérnöfn greini sig á merkingarsviðinu frá flestum samnöfnum: sérnöfn hafa einstaka vísun, þ.e. þau vísa til einhvers eins tiltekins hverju sinni, merking þeirra (ef það er þá hægt að tala um merkingu yfirleitt) er óljósari en samnafna og upphafleg merking hefur tilhneigingu til

<sup>15</sup> Undantekningarnar eru reyndar harla margar þegar að er gáð, ekki síst þegar um samsett nöfn er að ræða: *Guðrún, Berglind* og *Þorgeir* hafa alltaf eða oftast aðra beygingu en samnöfnin *rún, lind* og *geir*. Ósamsettu nöfnin *Rún, Lind* og *Geir* fylgja á hinn bóginn samnöfnunum í beygingu.

að dofna. Wetås gerir ráð fyrir að mannanöfn séu óræðust að þessu leyti („semantisk mest demotiverte“), að á milli mannanafna séu innbyrðis sterk tengsl í huga fólks, að samband þeirra við önnur nafnorð sé veikara (t.d. Wetås 2008:81) og að þau hafi mest **nafneðli** (n. *proprialitet, propriumskarakter*, t.d. Wetås 2008:76) allra sérnafna. Mannanöfn tengist þó einnig öðrum nafnorðum, mest öðrum sérnöfnum (sem hafi minna nafneðli, s.s. örnefnum) sem standi síðan aftur nær samnöfnum. Skilin í orðasafninu séu ekki alltaf skörp en nafneðlisskali með ýmsum gráum svæðum skýri einmitt vel hvernig breytingar í sérnöfnum geti borist yfir í samnöfn (Wetås 2008:76, 81, 83 og víðar).

Umrædd breyting í miðnorsku er ekki eina þekkta dæmið um að breyting hafi hafist fyrir í sérnöfnum en samnöfnum (Wetås 2008:81). Þá eru þekkt ýmis dæmi um að breyting verði í sérnöfnum sem ná ekki til sambærilegra samnafna. Nafnið *Björn* er oftast *Björns* í eignarfalli en samnafnið *björn* heldur hinni fornu eignarfallsmynd *bjarnar*. Nafnið *Dagur* fær stundum þágufallsmyndina *Dag* en samnafnið *dagur* heldur fornri þágufallsmynd, *degi*. Nafnið *Nótt* fær gjarna myndina *Nóttar* í eignarfalli en samnafnið *nótt* heldur hinni hefðbundnu mynd *nætur*. Þessi tilvik koma heim við eina af staðhæfingum Mańczak (1980b:285) um áhrifsbreytingar, að samnöfn haldi frekar tryggð við eldri orðmyndir en mannanöfn geri.<sup>16</sup> Eitt af því sem hann nefnir þessu til stuðnings varðar pólsk ættarnöfn: „In Polish, there is not a single surname whose declension does not show innovations in relation to that of a common noun“ (Mańczak 1980b:286). Mańczak (1980a:41) skýrir staðhæfingu sína með vísan til hárrar tíðni samnafna sem haldi þannig betur í eldri orðmyndir. Wetås (2008:33) telur að hér verði einnig að taka með í reikninginn útvötnun upphaflegrar merkingar nafns („den semantiske nedblekinga“) sem minnki tengslin við samnafnið í huga málnotenda.<sup>17</sup> Það er þó ekki svo að staðhæfing Mańczaks sé án mótdæma. Samnafnið *heiði* hefur

<sup>16</sup> Í hóp þessara tilvika mætti bæta sérnafninu *Hamar* þótt þar sé ekki um mannsnafn að ræða. Dæmi um ósamandregna þágufallsmynd orðsins *hamar*, þ.e. *hamari*, í íslenskum ritum á vefnum *Tímarit.is* eru á þriðja tug og í öllum tilvikum er um að ræða sérnöfn. Þetta eru nöfn bæja (*Hamar*, *Stakkhamar*), fyrirtækis (*Hraunhamar*), málgagns (*Hamar*), íþróttafélags (*Hamar*) og skipa (*Hamar*, *Dórshamar*). Nýjung í beygingu orðsins virðist því einkum koma fram í sérnöfnum.

<sup>17</sup> Margrét Jónsdóttir (2016) hefur fjallað um ýmsar óvæntar eignarfallsmyndir kvenmannsnafna, s.s. myndirnar *Esters* og *Dagmars*, þar sem eignarfallsending karlkyns- og hvorugkynsorða hefur stungið sér niður. Margrét (2016:191) tengir þetta meðal annars við hlutverk eiginnaafna og merkingarlega sérstöðu þeirra.

ekki lengur sömu nefnifallsmynd og kvenmannsnafnið *Heiður* og viðliðurinn *-heiður* sem halda tryggð við hina fornu beygingu.<sup>18</sup> Slík dæmi virðast þó ekki vera á hverju strái.<sup>19</sup>

## 6 Nýjungin Þórarinum

Nýjungarnar sem rætt var um í 4. og 5. kafla, *Þórarin* og *Þórarini*, er hægt að skýra með vísan til áhrifa frá beygingu annarra nafna og þessum breytingum má lýsa með hlutfallsjöfnum, eins og gert var í (1) og (2). Hvorug þessara nýjunga kemur beinlínis á óvart. Hið sama verður ekki sagt um nýjungina *Þórarinum*. Beygingarendingin *-um* kemur nefnilega ekki fyrir í eintölubeygingu greinislausra nafnorða. Hún er hins vegar eðlileg í beygingu lýsingarorða (*góð-um*), fornafna (*eng-um*) og greinis (*strák-n-um*, *hamr-in-um*). Fyrir fram gæti vist ósennilegt að þessir orðflokkar hefðu haft áhrif á beygingu sérnafns. Hljóðleg líkindi greinis (*-inn*) og niðurlag nafnsins *Þórarinn* blasa þó við. Auk þess er vel þekkt að sum fornöfn standa gjarna í námunda við mannanöfn í segðum. Það er því vert að skoða hugsanleg áhrif greinis og fornafna.

Fyrst er að líta á greininn. Eins og nefnt var í 3. kafla er hugsanlegt

<sup>18</sup> Þetta tilvik heyrir þó kannski til undantekninga og þessi tiltekna þróun kann að eiga sér sérstaka skýringu: *heiði* er oft síðari liður í samsettu örnefnum (*Hellisheiði*, *Mosfellsheiði*). Í örnefnum eru aukaföllin algengari en nefnifall því að örnefni eru einkum notuð við að lýsa dvól á stað eða hreyfingu til eða frá stað (sbr. t.d. Harald Bernharðsson 2004:25–27). Örnefni með liðnum *-heiði* koma væntanlega helst fyrir í þófalli og þágufalli. Það sama á einnig við samnafnið *heiði* (*þeir fóru yfir heiðina*, *þeir eru uppi á heiði*). Myndin *heiði* (*-heiði*) er því mjög algeng í beygingu bæði samnafnsins *heiði* og örnefnanna og því þarf ekki að koma á óvart að þessi mynd hafi borist í nefnifallið, fall sem var sjaldgæfara en önnur. Í kvenmannsnöfnunum (*Heiður*, *Ragnheiður*) er á hinn bóginn ekki sú tíðnislagsíða aukafalla sem vænta má í samnafninu og örnefnum. Samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók* er nefnifall langalgengasta fall mannanafna, hlutur þess er rúm 67% (Friðrik Magnússon og Stefán Briem 1991:1157). Hefðbundin nefnifallsmynd (með *-ur*) hefur því eðlilega sterkari stöðu í kvenmannsnöfnunum en hún hafði í samnafninu og örnefnum. Samnafnið *heiði* hefur sömu merkingu og liðurinn *-heiði* í örnefnum og viðbúið að þetta tvennt taki sömu breytingum (sbr. Guðrúnu Þórhallsdóttur 1997:54). Kvenmannsnöfnin tengir fólk hins vegar varla við samnafnið *heiði* og örnefni með *-heiði*. Það hefur komið enn frekar í veg fyrir að kvenmannsnöfnin færu sömu leið. Einnig má telja líklegt að hinn stóri flokkur annarra kvenmannsnafna sömu beygingar (*Sigríður*, *Ragnhildur*) hafi haft verndandi áhrif.

<sup>19</sup> Í yfirgripsmiklu riti um eðli nafna er Van Langendonck (2007:167) fáorður um fallbeygingu. Hann nefnir þó að ekki sé mjög algengt að beyging sérnafna víki frá beygingu samnafna. Þegar það gerist sýni sérnöfnin ýmist fornleg einkenni eða nýjungar. Um hið fyrra nefnir hann eitt dæmi og um hið síðara tvö.

að einhverjir hafi farið að túlka liði nafnsins *Þórarinn* á annan hátt en áður, þ.e. sem forliðinn *Þórar-* og viðliðinn *-inn*. En *-inn* má túlka sem fleira en viðlið nafns. Þessi strengur er samhljóða viðskeyttum greini og kannski hafa einhverjir tengt *Þórarinn* við orð með viðskeyttum greini, jafnvel þótt nöfn séu alla jafna greinislaus.<sup>20</sup> *Þórarinn* hefur þá verið endurtúlkað og greint eins og ákveðnar orðmyndir á borð við *hamar-inn*, *bikar-inn*, *barón-inn* og *biskup-inn*.<sup>21</sup> Ef gert er ráð fyrir slíkri endurtúlkun *-in(n)* er hægt að giska á að áhrifsbreyting á borð við þá sem lýst er í (3) hafi orðið í kjölfarið.

- (3) nf./þf.kk.et. *biskup-in(n)* : þgf.kk.et. *biskup-inum*  
 nf./þf.kk.et. *Þórar-in(n)* : þgf.kk.et. X; X = *Þórar-inum*

Þarna er orðið *biskup* haft sem fyrirmynd og jafnan gengur upp.<sup>22</sup>

<sup>20</sup> Undantekningar eru vissulega til, einkum í örnefnum og heitum skipa og mannvirkja, s.s. *Esjan*, *Akraborgin*, *Perlan*. Og fyrir kemur í nútímamáli, þótt það sé líklega einstaklingsbundið og ekki mjög algengt, að mannanöfn fái greini, sbr. þessi dæmi sem eru úr tölvupósti og af samfélagsmiðli:

(i) a. Heil og sæl Katan

b. Til hamingju með daginn elsku litli Styrmirinn minn

Þá er greini stundum bætt við mannanöfn þegar þau hafa aðra vísun en venjuleg er, eins og í þessum dæmum:

(ii) a. Kjarvalinn nýtur sín vel á veggnum í stofunni

b. Jónasinn á tíuþúsundkallinum er vel teiknaður

c. Steinunn fékk Jónasinn árið 2014

Hér vísa nöfnin *Kjarval* og *Jónas* til málverks, teikningar og verðlauna og gegna þannig hlutverki samnafna en ekki sérnafna.

<sup>21</sup> Hér má nefna ummæli eins heimildarmanns Orðabókar Háskólans um myndina *Þórarinum*, Guðmundar Inga Kristjánssonar, en hann taldi greini vera áhrifavald (Katrín Axelsdóttir 2018:26).

<sup>22</sup> Orðið *biskup*, sem hér er valið til samanburðar, hefur í nútímamáli tvær þágufallsmyndir, *biskupnum* og *biskupinum* (báðar er að finna í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls*). Ekkert brottfall er hér í stofni og síðari myndin, *biskupinum*, er sambærileg myndinni *Þórarinum*. Í nútímamáli er *biskupnum* algengari en *biskupinum*. En þessu virðist áður hafa verið öfugt farið. Myndin *biskupinum* er þekkt frá 16. öld að minnsta kosti, hún kemur fyrir í þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu 1540. Samkvæmt orðstöðulykli um Nýja testamenti Odds (*Orðstöðulyklar*) eru fjögur dæmi um hana. Ekkert dæmi er hins vegar um *biskupnum*. Þetta er líklega engin tilviljun. Á vefnum *Timarit.is* er hlutfall *biskupinum* og *biskupnum* á 19. öld 185 á móti 74. Á fyrri hluta 20. aldar er nokkurt jafnræði með myndunum, hlutfallið er 390 á móti 434. Frá miðri 20. öld og fram til dagsins í dag er hlutfallið síðan 385 á móti 1809. Það er því ekki fyrr en tiltölulega nýlega að *biskupnum* verður miklu algengari mynd en *biskupinum*. Nú eru engin hljóðleg líkindi milli orðsins *biskup* og *Þórar-* (fyrir utan atkvæðafjölda). *Biskup* er því fljótt á liði kannski ekki mjög sennileg fyrirmynd. En vert er að huga í þessu sambandi að einu einkenni orðsins *biskup*. Það er oft notað greinislaust við sams

Hún hefði líka gengið upp með *barón* og fjölmörgum öðrum orðum. En það hefði kannski mátt búast við því að *Þórarinn* lagaði sig að fyrirmyndum með hljóðfræðilega líkari stofn, s.s. *hamarinn* (eða *humarinn* og *jaðarinn*) og *bikarinn* (eða *koparinn* og *piparinn*), mynd greinis (-*num* eða -*inum*) ræðst nefnilega oft af hljóðafari í enda stofns. Orðið *hamar* er í þágufalli með greini jafnan *hamr-inum*. En *Þórarinn* hefði ekki getað lagað sig beint að slíkri fyrirmynd því að í nafninu eru tvö *r* í stofni og útkoma hlutfallsjöfnunnar væri fremur ankannaleg, \**Þórrinum*.<sup>23</sup> *Bikarinn* er í þágufalli *bikar-num*.<sup>24</sup> Slík fyrirmynd hefði gefið myndina \**Þórarinum*. En þetta gerðist af einhverjum ástæðum ekki, a.m.k. eru engar heimildir um þessa mynd. Ástæðan er kannski sú að menn kusu að sneiða hjá orðmynd með *rn*-klasa (sbr. 3. kafla).

Hér hefur verið talað um þann möguleika að nafnið *Þórarinn* hafi verið endurtúlkað og greint eins og samnöfn með greini. Það þarf samt ekki að þýða að menn hafi beinlínis litið á *Þórarinn* sem sérnafn með greini. Ekkert annað bendir heldur til þess að svo hafi verið. Samhengið í dæmunum um *Þórarinum* hjá Katrínu Axelsdóttur (2018:24–30) virðist alltaf „venjulegt“, þarna virðist ekki vera um að ræða sömu sérstöku aðstæðurnar og þegar greini er bætt við mannanöfn (sjá (i) í nmgr. 20). Í sumum þessara dæma eru líka önnur sérnöfn nefnd í sömu andrá og þau eru greinislaus.<sup>25</sup> Það er ekki

---

konar aðstæður (eða í sama hlutverki) og þegar það er notað með greini: *Biskup/ biskupinn var vinsæll meðal alþýðu manna*. Hér gegnir hin greinislaus mynd *biskup* sama hlutverki og *biskupinn*, hún er ákveðin án þess þó að vera merkt þannig með greini. Það er því til að orðið *biskup* hafi **innbyggða ákveðni** (e. *inherent definiteness*), rétt eins og nöfn. Orðið *biskup* getur með öðrum orðum vísað til eins tiltekins manns án þess að hafa greini en þetta er eitt helsta einkenni nafna. Þessi líkindi kunna að hafa valdið því að orðið *biskup* var líklegri fyrirmynd í breytingu á mannsnafni en fyrir fram mætti ætla.

<sup>23</sup> Í nútímamáli þekkjast þágufallsmyndirnar *hamarinum* og *humarinum* eins og auðvelt er að ganga úr skugga um með netleit. Á grundvelli slíkra mynda hefði *Þórarinum* auðvitað getað orðið til. En engar heimildir eru um að þessar myndir hafi verið til fyrr á öldum.

<sup>24</sup> Á netinu eru ýmis dæmi um þágufallsmyndina *bikarinum* (sem væri sambærileg *Þórarinum*) og þessi mynd er sýnd í *Málþarsbankanum*. Hún er þar við hlið *bikarnum* sem er örugglega miklu algengari mynd í nútímamáli og sú eina sem sýnd er í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* í þágufalli eintölu með greini. Óvíst er um aldur myndarinnar *bikarinum*. Í Guðbrandsbiblíu (*Biblia* 1584) er eitt dæmi um orðið *bikar* í þágufalli eintölu með greini (Jeremía 25:28) en þar er myndin *bikarnum*. *Bikarinum* er hugsanlega ung mynd og ef hún var óþekkt þegar *Þórarinum* kom fyrst upp hefur hún vitaskuld ekki haft áhrif.

<sup>25</sup> Ef allir á þeim svæðum þar sem myndin *Þórarinum* tíðkaðist hefðu skilið *Þórar-*

heldur nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að menn hafi túlkað *Þórarinn* sem nafn með greini. Hljóðleg líkindi greinis og *-in(n)* í *Þórarinn* kunna að hafa dugað til að menn sæju þarna samsvörun sem leiddi svo til nýjungar í þágufallinu; að túlka nafnið sem nafn með greini er ekki nauðsynleg forsenda.<sup>26</sup>

Hugsanlegt er, eins og hér hefur verið rætt, að nýjungin *Þórarinum* hafi komið upp fyrir áhrif nafnorða sem fengu greinismyndina *-inum* í þágufalli (jafnvel þótt frekar hefði kannski mátt búast við myndinni *\*Þórarinum* fyrir áhrif fyrirmynda með *-num*). En það er ekki víst að skýringa sé eingöngu að leita þar. Eins og nefnt var að framan kemur endingin *-um* ekki aðeins fyrir í beygingu greinis heldur einnig í beygingu fornafna. Það er því ástæða til að líta einnig í þá átt.

Þær áhrifsbreytingar sem lýst hefur verið fram að þessu teljast til dæmigerðra áhrifsbreytinga, þ.e. breytinga sem hægt er að lýsa með hlutfallsjöfnum og byggjast á fyrirmyndum annarra orða (sjá t.d. (1) og (3)). Ekki verður séð að hægt sé að bera beygingu nafnsins *Þórarinn* saman við beygingu fornafna á þennan hátt; formlegum líkindum er ekki fyrir að fara. En áhrifsbreytingar eru ekki allar dæmigerðar og ódæmigerðar áhrifsbreytingar eru af ýmsu tagi. Innan þess hóps er stundum gert ráð fyrir því sem kallað hefur verið **rímmyndun** eða **rím-breyting** (e. *rhyming formation*).<sup>27</sup> Dæmi um slíkt eiga það sameiginlegt að orð eða liður tekur að draga hljóðlega dóm af öðru í næsta nágrenni í segðinni. Áhrifin eru því frá nálægum orðum en ekki áþekktum orðum sem menn kunna. Dæmi um slíkt er *hókus-pókus* (eða erlend fyrirmynd þess) sem orðið er til við afbökun úr lat. *hoc est corpus*. Í þessu tilviki verður til rím. Annað dæmi er þegar orðasambandið *leggja síðustu hönd á e-ð* þokar fyrir *leggja lokahönd á e-ð*. Í því dæmi kemur upp stuðlun en ekki rím. Orðin *rímmyndun* og *rím-breyting* kunna því að þykja dálítið villandi; það er ekki endilega um rím að ræða heldur einfaldlega aukin hljóðlíkindi.

*in(n)* og *Þórar-inum* sem nafnmyndir með greini hefði kannski mátt búast við að greinislaust afbrigði, *\*Þórar* (nf. og þf.) sæist í einhverjum heimildum frá sama tíma. En um það eru engin dæmi.

<sup>26</sup> Auðvitað má vera að í upphafi hafi einhver eða einhverjir í raun og veru túlkað *Þórarinn* sem nafn með greini og aðrir síðan tekið upp beyginguna sem varð til í kjölfarið án þess að líta á þetta sem nafn með greini.

<sup>27</sup> Um þessa gerð áhrifsbreytinga, sjá Hock og Joseph (1996:169), Katrínú Axelsdóttur (2014:39–40, 2015:186–188) og Guðrúnu Þórhallsdóttur (2015:179–180). Fæstir gera greinarmun á rímmyndun og blöndun sem rætt er um í 7. kafla. En það er ástæða til að gera þarna greinarmun. Dæmi um blöndun byggjast í mörgum tilvikum á staðvenslum (e. *paradigmatic relations*) orðanna sem í hlut eiga. En rímmyndun snýst um raðvensl (e. *syntagmatic relations*), þ.e. orð sem eru í návígi í sömu segð. Rímmyndun minnir að þessu leyti á hljóðfræðilega samlögun.



Næst er þá að skoða hvaða fornöfn standa gjarna í næsta nágrenni við mannanöfn og kunna þannig að hafa haft áhrif á beygingu nafnsins *Þórarinn*. Mannanöfn standa einmitt oft næst á eftir persónufornöfnum, (4a). Þau standa líka oft næst á undan eignarfornöfnum, (4b). Einnig þekktist að þau komi á milli persónufornafns og eignarfornafns, (4c).

- (4) a. hann Þórarinn, hún Þórunn  
 b. Þórarinn minn, Þórunn mín  
 c. hann Þórarinn minn, hún Þórunn mín

Í þágufalli persónufornafnsins *hann* og eignarfornafns í karlkyni er endingin *-um*. Það má því ímynda sér að áhrif hafi borist þaðan:

- (5) a. honum Þórami → honum Þórarinum  
 b. Þórami mínum → Þórarinum mínum  
 c. honum Þórami mínum → honum Þórarinum mínum

Ef áhrifsbreyting af þessu tagi væri skýringin á hinni óvenjulegu mynd *Þórarinum* mætti kannski búast við áþekktum áhrifum miklu víðar í beygingu mannanafna. Sú virðist hins vegar ekki vera raunin eftir því sem best verður séð. En það þýðir þó ekki að rímmyndun beri að hafna. Kannski kom nýjungin *Þórarinum* fyrst og fremst upp fyrir áhrif frá svipuðum orðum með greini, þ.e. orðum eins og *barón* og *biskup* sem fengu *-inum* í þágufalli (dæmigerð áhrifsbreyting). En þessi óvenjulega nýjung — því að hún er sannarlega óvenjuleg — hefur e.t.v. notið stuðnings frá hljómi nærliggjandi orða. Fólki kann að hafa þótt *Þórarinum* hljóma býsna vel af því að fornöfn með sömu endingu voru gjarna í nágrenninu. Þarna var því e.t.v. um að ræða samverkan tveggja gerða áhrifsbreytinga, dæmigerðrar áhrifsbreytingar og rímmyndunar.

Rímmyndun er ekki algeng gerð áhrifsbreytinga. Dæmi um rímmyndun eiga það sameiginlegt að áhrifin koma upp innan strengsins ef svo má segja og ekki verður sett upp jafna sem sýnir bein áhrif annarra orða eins og hægt er í tilviki dæmigerðra áhrifsbreytinga. Rímmyndunin sem hér væri um að ræða er þó að einu leyti sérstök. Í beygingu nafnsins *Þórarinn* og í beygingu *hann* og eignarfornafna má finna hljóðlíkindi í nefnifalli, þolfalli og eignarfalli, og kannski hafa þess vegna komið upp hljóðlíkindi í þágufallinu einnig. Þetta verður ekki sett upp í hefðbundna hlutfallsjöfnu en samsvaranirnar má sýna

á annan hátt. Í (6) er sýnt með undirstrikun hvar hljóðlíkindi er að finna í hverju falli í lok hvers orð í rununni *hann Þórarinn minn* (sem felur náttúrliga í sér runurnar *hann Þórarinn* og *Þórarinn minn*).

- (6) nf. hann Þórarinn minn  
 þf. hann Þórarin minn  
 þgf. honum Þóarni mínum  
 ef. hans Þórarins míns

Þarna sker þágufallsmyndin *Þóarni* sig úr en með nýjunginni *Þórarinum* verður til einhvers konar samræmi við önnur föll. Vera má að rímmyndun sem framkallar samræmi á þennan hátt sé viðbúnari breyting en rímmyndun þar sem engan slíkan „þrýsting“ er að finna.

Nú má spyrja hvort ekki mætti þá búast við áþekktum breytingum á beygingu allra mannanafna þar sem fyrir eru hljóðlíkindi við persónufornafn og/eða eignarforfnafn einhvers staðar í beygingunni. Hefði t.d. ekki verið viðbúið að upp kæmi þolfallsmyndin \**Þórunna* í beygingu nafnsins *Þórunn*, af því að í runu á borð við *hún Þórunn mín* eru hljóðlíkindi í nefnifalli, þágufalli og eignarfalli (sbr. t.d. *henni Þórunni minni*)? Vissulega eru engar heimildir um þolfallsmyndina \**Þórunna* (sem hefði getað orðið til fyrir áhrif *hana* og/eða *mína*). Og það er ekkert sérstaklega líklegt að sú mynd komi upp, rímmyndun er sjaldgæft fyrirbæri. En þetta þýðir þó ekki að hugmyndinni um áhrif rímmyndunar í sögu nafnsins *Þórarinn* beri að hafna. Kannski kom hún aðeins upp í beygingu nafnsins *Þórarinn* af því að önnur breyting (dæmigerð áhrifsbreyting, þ.e. áhrif frá orðum með greini) hjálpaði til.<sup>28</sup>

Með tilkomu nýjungarinnar *Þórarinum* verður til beygingarmynstur sem þekktist ekki áður. Nýja beygingin, *Þórarinn – Þórarin – Þórarinum*

<sup>28</sup> Ritrýnir nefnir að síðari hluti myndarinnar *Þórarinum* samsvari þágufallsmyndinni *arinum* sem dæmi séu um í beygingu orðsins *arinn* og veltir fyrir sér hugsanlegu sambandi. Tengsl þarna á milli eru heldur ósennileg. Á vefnum *Timarit.is* eru nokkrir tugir dæma í blöðum gefnum út á Íslandi um myndina *arinum*, frá um 1900 og frá 20. öld. Um fjórðungur dæmanna er *arinum* í þgf.ft. án greinis, í stað hins viðbúna *örnnum*. Þau dæmi skipta ekki máli hér þótt þau séu vissulega forvitnileg. Afgangur dæmanna um *arinum* er í þgf.et. með greini. Myndin er sérkennileg og að öllum líkindum er hér um að ræða prentvillur, fyrir hina hefðbundnu mynd *arininum* eða þá hina ungu ósamandregnu mynd *arininum*; í allmörgum tilvikum kemur önnur hvor þessara mynda fyrir í sama texta og *arinum*. En jafnvel þótt gert sé ráð fyrir því að myndin *arinum* hafi tíðkast í raun og veru í þgf.et. þá er tímans vegna ósennilegt að *arinum* sé fyrirmynd *Þórarinum*. Myndin *Þórarinum* hefur verið komin til sögunnar fyrir 1700 en dæmin um *arinum* eru ung.

– Þórarins, líkist vissulega mjög beygingu ýmissa karlkynsnafnorða með greini (sbr. *biskupinn* – *biskupinn* – *biskupinum* – *biskupsins*). En beyging nafnsins *Þórarinn* varð þó ekki alveg sambærileg; eignarfallsmyndin \**Þórarins* er a.m.k. ekki þekkt og nýja beygingin hlýtur því að teljast einstök. En það er ekki einsdæmi að til verði einstakt beygingarmynstur í kjölfar áhrifsbreytinga þótt vissulega sé miklu algengara að við þær sameinist beygingar alveg öðrum mynstrum. Hér má t.d. nefna beygingarþróun sagnarinnar *fela* (sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2013); sú sögn hefur tekið ýmsum áhrifsbreytingum en hefur þó ekki sameinast alveg neinu beygingarmynstri. *Þórarinum* er einkum eftirtektarverð mynd fyrir þær sakir að þetta er nýjung sem stríðir gegn því sem gengur og gerist í málinu; mannanöfn hafa ekki þágufallsendinguna *-um* nema í undantekningartilvikum (þ.e. þegar bætt er við þau greini við sérstakar aðstæður, sbr. dæmi í nmgr. 20). Myndin hlýtur því að teljast óvænt. Hið sama gildir, og jafnvel enn frekar, um nýjungina *Þórarininum* sem fjallað verður um næst.

## 7 Nýjungin *Þórarininum*

Myndin *Þórarininum* er sérkennileg og ekki verður séð að hægt sé að gera ráð fyrir dæmigerðri áhrifsbreytingu (hlutfallsjöfnu) til að varpa ljósi á tilurð hennar. Í 6. kafla var nefnt að ódæmigerðar áhrifsbreytingar væru margs konar. Ein gerðin hefur verið kölluð **blöndun** (e. *blending*, *contamination*) og hún kann að hafa komið við sögu hér.<sup>29</sup> Í slíkum tilvikum er tiltekin nýjung blendingur úr öðrum orðmyndum sem til eru fyrir í málinu. Títtnefnt dæmi er lat. *grevis* 'þungur', úr *gravis* 'þungur' og *levis* 'léttur'. Það sem blendingar eiga sameiginlegt (svo fremi þeir séu ekki búnir til af ásettu ráði, sbr. hér á eftir) er að einhvers konar truflun eða mistök eiga sér stað við myndun (e. *production*). Þetta eru því nýjungar sem eiga sér rætur í mismælum. Orðið sem veldur því að menn villast af leið við myndunina er oft náskylt hinu orðinu merkingarlega eða þá andheiti þess (sbr. *gravis/ grevis* og *levis*).

<sup>29</sup> Sumir gera greinarmun á *blending* og *contamination*, aðrir ekki (sjá t.d. umfjöllun hjá Fertig 2013:62). Hér er farið að dæmi þeirra sem líta á þetta sem eitt. Þeir sem gera greinarmun á þessu tvennu skilgreina hugtökin ekki allir á sama hátt eins og rakið er hjá Fertig (2013:62). Þannig nota t.d. margir hugtakið *blending* aðeins þegar orð er búið til af ásettu ráði með því að blanda saman orðum (eins og e. *smog* úr *smoke* og *fog*) en annars konar skilningur þekkist líka. Ef þörf er á að tiltaka að blendingsmynd sé búin til af ásettu ráði mætti tala um *viljandi blöndun*.

*Þóraríninum* minnir auðvitað mjög á nýjungina *Þóraríninum* sem miklu meiri heimildir eru um, bæði í ritum og vitnisburði heimildarmanna (sbr. Katrínu Axelsdóttur 2018:24–33). Á milli þessara tveggja nýjunga eru mjög sennilega tengsl. *Þóraríninum* gæti verið blendingur úr *Þóraríninum* annars vegar og annarri hvorri þágufallsmyndinni *Þórarín-Ø* eða *Þórarín-i* hins vegar (eða stofninum *Þórarín-*). Þetta gæti alveg staðist hvað varðar tíma og útbreiðslu; einu heimildirnar um myndina *Þóraríninum* eru af svæðum þar sem *Þóraríninum* er líka þekkt (sjá Katrínu Axelsdóttur 2018:32–33). Samkvæmt þessu á myndin *Þóraríninum* upphaflega rætur að rekja til mismæla. En blöndun er ekki eina hugsanlega skýringin. Önnur gerð ódæmigerðra áhrifsbreytinga, **alþýðuskýring** (e. *folk etymology*), kemur einnig til greina. Það sem býr að baki slíkum nýjungum er ekki truflun eða mistök í myndun heldur í skynjun (e. *perception*) eða túlkun (e. *analysis*).<sup>30</sup> Orðið *stígvél* er gjarna nefnt sem dæmi um alþýðuskýringu. Þetta er erlent orð (ít. *stivale*) sem barst í málið (e.t.v. sem mlp. *stevle* eða d. *stovle*, sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:959) og er hvorki skylt *stígal/stígur* né *vél*. En orðið er lagað að þessum innlendu orðum. Dæmi um alþýðuskýringu eru margvísleg. Sum orðin eru tökuorð, önnur ekki. Oft eru orðin ógagnsæ (það á t.d. við um tökuorð) og verða við breytinguna skiljanlegri á einhvern hátt en það er þó ekki einhlítt. Orðin eru gjarna tvíliðuð en það er ekki algilt og stundum er um að ræða lengri segðir en orð. Oft hefur merking annarra orða í málinu áhrif á niðurstöðuna. Öll dæmi um alþýðuskýringu eiga þó það sameiginlegt að þau eru hljóðfræðilega lík áhrifavaldinum, a.m.k. að hluta.

Fertig (2013:59–61) segir dæmi um alþýðuskýringu verða til með þrenns konar hætti: misheyrn, vantúlkun (e. *hypocorrection*) og oftúlkun (e. *hypercorrection*). Um hið fyrsta gefur hann m.a. dæmið *I'd just as soon* → *I'd just assume*. Þetta er hrein misheyrn en hinar tvær leiðirnar, sem báðar felast í hljóðkerfislegri endurtúlkun (e. *phonological reanalysis*), snúast um óskýran framburð. Fertig gefur m.a. *upmost* (í stað *utmost*) sem dæmi um vantúlkun; *utmost* sé að líkindum oft borið fram með *p* í stað *t* fyrir áhrif frá *m*-inu fyrir aftan. Hlustandinn taki þennan framburð eins og hann er (þ.e. hann gerir ekki ráð fyrir að mælandi beiti neinum hljóðreglum), orðið *up* kunni hér jafnframt að ýta undir þessa túlkun. Sé um að ræða oftúlkun heldur hlustandinn að mælandinn hafi beitt einhverjum hljóðreglum sem tíðkast í hröðu

<sup>30</sup> Um alþýðuskýringu og blöndun og það sem býr að baki þessum fyrirbærum, sjá Fertig (2016, 2013:57–70), þar sem jafnframt er að finna fjölda dæma úr ýmsum málum.

tali. Hlustandinn gæti t.d. talið að einhverjar einingar segðarinnar hafi fallið niður í hinu óskýra tali eða að gildi sérhljóðs sé annað í skýru tali en í því sem hann heyrði. Hann telur því að annað og meira hafi verið meint en hann heyrði í raun. Fertig gefur hér m.a. dæmið *hangnail* ‘annögl’ sem í fornensku var *angnægl*, *h*-ið á rætur að rekja til þess að hlustandi gerir ráð fyrir brottfalli þess hljóðs í því sem hann heyrði.

Því má velta fyrir sér hvort *Þórarinimum* hafi komið upp við sömu aðstæður og einhver dæmi um alþýðuskýringar. Hér kæmi helst til greina þriðja leiðin sem nefnd var að ofan, oftúlkun. Sá sem heyrir myndina *Þórarinum* telur sig kannski hafa átt að heyra enn lengri mynd, *Þórarinimum*, en hann reiknar með að atkvæði hafi fallið niður í óskýru tali. Undir þessa túlkun kann að hafa ýtt að *-inum* mátti skilja sem greinismynd (sbr. *biskup-inum*, *barón-inum*). Hafi hlustandinn skilið *-inum* sem greinismynd hefur fyrri hluti orðsins verið *Þórar-* og það fannst honum kannski ekki vera stofn nafnsins *Þórarinn*. Hann telur sig því hafa átt að heyra *Þórarin-* á undan greinismyndinni *-inum* þótt það hafi aðeins verið *Þórarinum* sem var sagt.<sup>31</sup>

Fertig (2013:63) bendir á að þótt ólík öfl búi að baki blöndun og alþýðuskýringu sé ekki alltaf hlaupið að því að greina þetta tvennt í sundur. Eitt þekktasta dæmið um blöndun er enska orðið *female* sem er talið blendingur úr *femelle* ‘kona’ og *male* ‘karl’. En eins og Fertig nefnir mælir ekkert á móti því að gera ráð fyrir að menn hafi túlkað *-melle* í *femelle* sem *male* og þetta væri þá dæmi um alþýðuskýringu.

Það sem hér hefur verið sagt um blöndun og alþýðuskýringu á við dæmi sem verða til óvart, við mismæli annars vegar og mistök í skynjun/túlkun hins vegar. En það eru einnig til dæmi um blöndun og alþýðuskýringu sem eru búin til af ásettu ráði. Orðið *brunch*, úr *breakfast* og *lunch* er þekkt dæmi um þess háttar blending. *Seljabryti* ‘frægðarmenni’, sbr. e. *celebrity*, er nýlegt dæmi um slíka alþýðuskýringu en þetta orð er búíð til vísvitandi (Bragi Valdimar Skúlason, munnl. heimild).<sup>32</sup> Myndin *Þórarinimum* var kannski búin til af ásettu ráði, sem einhvers konar útúrsnúningur á myndinni *Þórarinum*.

<sup>31</sup> Einnig má hugsa sér oftúlkunina aftar í orðinu. Hlustandanum finnst *Þórarinum* vera orð með greini. Hann heyrir stofninn *Þórarin-* og telur sig síðan hafa átt að heyra greinismyndina *-inum* en ekki aðeins *-um*.

<sup>32</sup> Ef til vill er ekki rétt að kalla þess háttar tilvik alþýðuskýringar því að þarna er ekki um neins konar mistök eða misskilning að ræða. *Sýndaralþýðuskýring* væri kannski heppilegra heiti. Þarna á milli er samt vitaskuld sjaldnast gott að greina; það er varla hægt nema unnt sé að rekja sýndaralþýðuskýringuna til höfundar síns eins og í tilviki orðsins *seljabryti* hér að ofan.

Hlustandanum hefur e.t.v. þótt sú mynd afkáraleg eða fyndin og hann ýkir hana til gamans.<sup>33</sup> Niðurstaðan hér er því sú að í upphafi kunnri myndin *Þórarininum* að hafa átt rætur að rekja til mismæla, mistaka í skynjun/túlkun eða jafnvel útúrsnúnings á myndinni *Þórarinum*.<sup>34</sup>

## 8 Niðurlag

Hefðbundin þágufallsmynd nafnsins *Þórarinn* er *Þóararni* en hún er þó aðeins ein (a.m.k.) fimm mynda sem hafa tíðkast í þessu falli. Upp hafa komið fjórar nýjar þágufallsmyndir á síðari öldum, *Þórarin*, *Þórarini*, *Þórarinum* og *Þórarininum*. Hér hefur verið reynt að leita skýringa á því að þessar nýjungar komu upp.

Fyrstu tvær nýjungarnar virðast fremur auðskýrðar, mynstrin sem þarna urðu til í beygingu nafnsins voru til fyrir í beygingu annarra nafna (s.s. *Benedikt* (þgf.) og *Auðuni*) og hægt að setja upp hlutfallsjöfnu (dæmigerð áhrifsbreyting). Hinar nýjungarnar, sem eru báðar heldur sérkennilegar og óvæntar, eru snúnari viðfangs. Endingin *-um* tíðkast ekki í eintölubeygingu greinislausra nafnorða og það er því óvenjulegt að sjá hana í sérnafni. Hana er hins vegar að finna í beygingu lýsingarorða, greinis og fornafna.

Nefnt var að myndin *Þórarinum* hefði getað komið upp með tvennum hætti, annars vegar fyrir áhrif frá nafnorðum með greini og hins vegar fyrir áhrif frá fornöfnum. Síðasta atkvæðið í *Þórarinn* var samhljóða viðskeyttum greini (*biskup-inn*). Menn kunna að hafa séð þarna líkindi og búið til nýja þágufallsmynd á grundvelli þeirra. Þá má setja upp hlutfallsjöfnu með útkomunni *Þórarinum*. En áhrif frá fornafnabeygingu koma einnig til greina. Nöfn koma gjarna næst á eftir persónufornöfnum (*hann Þórarinn*) eða á undan eignarfornöfnum (*Þór-*

<sup>33</sup> Hér má nefna að heimildarmenn um myndina *Þórarininum* í Barðastrandarsýslu tengja hana við gamansemi (Katrín Axelsdóttir 2018:32–33).

<sup>34</sup> Ritrýnir nefnir að síðari hluti myndarinnar *Þórarininum* samsvari þágufallsmyndinni *arininum*, mynd orðsins *arinn* með greini og ósamandregnum stofni, og spyr hvort þarna gætu verið tengsl; menn hafi þá einfaldlega tekið nýja beygingarmynd orðsins *arinn* og notað hana í nafninu. Dæmi um *Þórarininum* eru ung (20. öld) og sama gildir um nýjungina *arininum* (um hana eru yfir hundrað dæmi á *Timarit.is*, það elsta frá 1901). Tímans vegna gæti þetta því staðist. Það sem mælir gegn þessu er samfylgd *Þórarininum* og eldri myndarinnar *Þórarinum*. Unga myndin *Þórarininum* virðist aðeins hafa þekkst á svæðum þar sem eldri myndin *Þórarinum* þekkist einnig og því er líklegt að á milli þessara tveggja mynda séu tengsl.

arinn minn) og stundum á milli persónufornafna og eignarfornafna (*hann Þórarinn minn*). Hljóðafar í þessum nálægu fornöfnum kann að hafa haft áhrif í þá átt að nafnið sjálft fór að draga dóm af því (*honum Þórarinum mínum*). Hér væri um að ræða ódæmigerða áhrifsbreytingu sem kölluð hefur verið rímmyndun eða rimbreyting. Slíkar breytingar eru ekki algengar og íslensk nöfn virðast að öðru leyti ekki hafa orðið fyrir áhrifum frá nærliggjandi fornöfnum. Þetta er því frekar óvænt en það þýðir samt ekki að skýringin sé útilokuð. Skýringarnar tvær sem hér hafa verið nefndar útiloka ekki hvor aðra. Hugsanlega var um hvort tveggja að ræða, áhrif greinis og áhrif fornafna. Það er kannski sennilegra en að aðeins önnur áhrifin hafi verið að verki. Í báðum tilvikum er um heldur óvæntar breytingar að ræða. Slíkar breytingar má telja líklegri ef tvennt hefur verið að verki í einu. Hin óvænta mynd *Þórarinum* er þá orðin til vegna eins konar samlegðaráhrifa.

Fjórða nýjungin, *Þórarininum*, minnir mjög á þá þriðju og virðist einungis þekkt á sömu svæðum og hún. Þarna eru því að öllum líkindum tengsl. Nefnt var að *Þórarininum* gæti verið blendingsmynd, úr *Þórarinum* og stofninum *Þórarin-* (eða þágufallsmynd með þeim stofni). Blöndun er ódæmigerð áhrifsbreyting. En önnur gerð ódæmigerðra áhrifsbreytinga, alþýðuskýring, kynni alveg eins að hafa komið hér við sögu.

## Heimildir

- Anna Helga Hannesdóttir. 1992. Some Different Factors in Phonological Variation: The Case of Icelandic r/l/rn. Í: Jonna Louis-Jensen og Jóhan Hendrik W. Poulsen (ritstj.). *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 7, bls. 131–140. Þórshöfn.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. [Reykjavík]: Orðabók Háskólans.
- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*. Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard.
- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Ritstjóri Kristín Bjarnadóttir. <<http://bin.arnastofnun.is/>> (sótt 19. ágúst 2016).
- Biblia*. 1584. Hólum.
- Björn Guðfinnsson. 1964. *Mállýzkur II*. Reykjavík: Heimspekideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Björn K. Þórólfsson. 2004. Þjóðskjalasafn Íslands. Afh. 39/2004 Björn Karel Þórólfsson, askja E/1, arkir 1 og 23. [Athugasemdir, viðbætur og leiðréttingar Björns K. Þórólfssonar (1892–1973) við rit hans frá 1925.]

- Campbell, Lyle. 2004. *Historical Linguistics*. 2. útg. Edinborg: Edinburgh University Press.
- Fertig, David. 2013. *Analogy and Morphological Change*. Edinborg: Edinburgh University Press.
- Fertig, David. 2016. Mechanisms of paradigm leveling and the role of universal preferences in morphological change. *Diachronica* 33, 4:423–460.
- Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðiðinibók*. Ritstjóri Jörgen Pind. [Reykjavík]: Orðabók Háskólans.
- Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. 1991. *Nöfn Íslendinga*. Reykjavík: Heimskringla.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 1997. *ylgr, heiðr, brúðr*. Saga r-endingar nefnifalls eintölu kvenkynsorða. Í: Úlfar Bragason (ritstj.). *Íslensk málsaga og textafræði*, bls. 41–56. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals 3. Reykjavík.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2013. Analogical Changes in the History of Old Icelandic *fela*. Í: Adam I. Cooper, Jeremy Rau og Michael Weiss (ritstj.). *Multi Nominis Grammaticus. Studies in Classical and Indo-European linguistics in honor of Alan J. Nussbaum on the occasion of his sixty-fifth birthday*, bls. 76–93. Ann Arbor / New York: Beech Stave Press.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2015. Andmæli við doktorsvörn Katrínar Axelsdóttur. *Íslenskt mál* 37:173–183.
- Hagstofa Íslands. <https://hagstofa.is/> [Bein slóð: <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/nofn/>] (sótt 19. ágúst 2016).
- Haraldur Bernharðsson. 2004. Um Moldhaugnaháls út í Fjósa og Fjörður. Af áhrifsbreytingum í nokkrum fleirtöluörnefnum. *Íslenskt mál* 26:11–48.
- Hermann Pálsson. 1960. *Íslensk mannanöfn*. Reykjavík: Heimskringla.
- Hock, Hans Henrich og Brian D. Joseph. 1996. *Language History, Language Change, and Language Relationship*. Berlín / New York: Mouton de Gruyter.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1–11, 13. 1913–1943, 1990. Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason. 1929. *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason. 1970. Om islandsk n og nn i tryksvag udlyd. *Opuscula* IV:356–360.
- Katrín Axelsdóttir. 2014. *Sögur af orðum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Katrín Axelsdóttir. 2015. Svör við spurningum Guðrúnar Þórhallsdóttur. *Íslenskt mál* 37:184–191.
- Katrín Axelsdóttir. 2018. Þórarinn í þágufalli. *Orð og tunga* 20:31–48.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Íslensk tunga I. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Laver, John. 1994. *Principles of phonetics*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Mańczak, Witold. 1980a. Frequenz und Sprachwandel. Í: Helmut Lüdtke (ritstj.). *Kommunikationstheoretische Grundlagen des Sprachwandels*, bls. 37–79. Berlín / New York: Walter de Gruyter.



- Mańczak, Witold. 1980b. Laws of analogy. Í: Jacek Fisiak (ritstj.). *Historical Morphology*. Trends in Linguistics. Studies and Monographs 17, bls. 283–288. The Hague / Paris / New York: Mouton Publishers.
- Margrét Jónsdóttir. 2016. Beygingarsaga nafnsins Ester. *Milli mála* 8:176–196. *Málfarsbankinn*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. www.arnastofnun.is [Bein slóð: [http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn\\_malfarsbankinn](http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_malfarsbankinn)] (sótt 2018).
- Orðstöðulyklar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. www.arnastofnun.is [Bein slóð: <http://ordlyklar.arnastofnun.is>] (sótt 2018).
- Ólafur Lárusson. 1960. *Nöfn Íslendinga árið 1703*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Timarit.is*. 2000–2018. <http://timarit.is/> (sótt 2018).
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslensk grammatik*. Kaupmannahöfn: H. Hagerups forlag.
- Van Langendonck, Willi. 2007. *Theory and Typology of Names*. Berlín / New York: Mouton de Gruyter.
- Wetås, Åse. 2008. *Kasusbortfallet i mellomnorsk*. Ein komparativ studie av proprialt og appellativisk materiale. Det humanistiske fakultet, Universitetet i Oslo, Osló.

## Munnleg heimild

Bragi Valdimar Skúlason, f. 1976.

## Lykilorð

áhrifsbreytingar, rímmyndun, blöndun, alþýðuskýring, mannanöfn

## Keywords

analogy, rhyming formation, blending, contamination, folk etymology, personal names

## Abstract

The male name *Þórarinn* is traditionally *Þóarinn* in the dative. In addition to the usual dative form, four innovative forms have been used, *Þórarinn*, *Þórarini*, *Þórarinum* and *Þórarininum*. Here, attempts are made to explain how these forms emerged. *Þórarinn* and *Þórarini* have their counterparts in the inflection of personal names, e.g. *Benedikt* (dat.) and *Auðuni* (dat.), and are apparently due to proportional analogy. *Þórarinum* is a surprising form and may be due to proportional analogy and non-proportional analogy (rhyming formation), the two types even working in harmony. *Þórarininum* is also unexpected and may be due to other non-proportional types of analogy (blending/contamination or folk etymology).

*Katrín Axelsdóttir*  
*Íslensku- og menningardeild*  
*Hugvísindasviði Háskóla Íslands*  
*katax@hi.is*